

Bólusetningar starfsfólks

Tilgangur

Tryggja öryggi starfsfólks og skjólstæðinga.

Verklag

Mælst er til þess að allir heilbrigðisstarfsmenn séu bólusettir.

Við ráðningu og árlega eftir það skal fara yfir bólusetningastöðu heilbrigðisstarfsmanna og bjóða bólusetningu samkvæmt eftirfarandi:

- MMR tvisvar óháð aldri við fyrsta skammt. Lágmark 4 vikur á milli skammta. MMR má gefa heilbrigðisstarfsfólki í þriðja sinn ef >10 ár liðin frá síðasta skammti og hettusóttarfaraldur eða mislingafaraldur yfirstandandi, með dreifingu meðal bólusettra.
- Kíghóstabólusetning (með þriggildu bóluefni með stífkrampa og barnaveiki, eða fjórgildu bóluefni með stífkrampa, barnaveiki og mænusótt): Á 10 ára fresti.
- Lifrabólgu B bólusetning: 3 skammtar á mannsævi, ekki er mælt með endurbólusetningu.
- Inflúensubólusetning: Árleg bólusetning gegn inflúensu að hausti. Dregur úr hættu á að hraustur starfsmaður með lítil einkenni smiti viðkvæma einstaklinga af inflúensu.
 - [Leiðbeiningar um bólusetningu gegn inflúensu 2024-2025](#)
- COVID-19 bólusetning: Bólusetning gegn COVID-19 [samkvæmt nánari leiðbeiningum hverju sinni](#)

Fyrir starfsmenn í sérstakri smithættu kemur til greina að bjóða einnig:

- Bólusetningu gegn MPX/bólusótt samkvæmt sérstökum leiðbeiningum (starfsmenn á rannsóknarstofu þar sem unnið er með sýni sem smithætta er af, starfsmenn í móttöku sjúklinga ef faraldur kemur upp).
- Bólusetningu gegn heilahimnubólgu vegna meningókokka (starfsmenn á rannsóknarstofum þar sem greining meningókokkasjúkdóms fer fram, e.t.v. starfsmenn bráðamóttöku ef faraldur kemur upp).
- Bólusetningu gegn pneumókokkum (allir starfsmenn frá 60 ára aldri).

Kostnaður þessara bólusetninga fellur á stofnunina.

Starfsfólk í starfi:

Starfsfólk ber sjálft ábyrgð á eigin bólusetningu. Í upphafi hvers árs skal stofnunin hvetja starfsmenn sem koma að umönnun sjúkra að fara yfir eigin bólusetningarstöðu (t.d. í Heilsuveru). Ef í ljós kemur að starfsfólk er ekki með gilda bólusetningu skal það leita til næsta yfirmanns sem býður þeim bólusetningu og kemur því í ferli á næstu heilsugæslustöð.

Nýir starfsmenn:

Við ráðningu nýrra starfsmanna skulu þeir beðnir um að skila vottorði um stöðu eigin bólusetninga. Ef í ljós kemur að þeir eru ekki fullbólusettir gegn ofangreindum sjúkdómum skal viðkomandi yfirmaður bjóða viðeigandi bólusetningu og koma í ferli á næstu heilsugæslustöð.

Hver framkvæmir og hvenær

Starfsfólk ber sjálft ábyrgð á eigin bólusetningum. Stjórnandi ber ábyrgð á að nýju starfsfólki sé boðin bólusetning.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber ábyrgð á að minna starfsfólk árlega á að kanna sína bólusetningarstöðu.

Skjal þetta er einnig aðgengilegt á [www.hsu.is](#)